



Landssamtök  
sauðfjárbænda

Alþingi  
Erindi nr. P 137/457  
komudagur 29.6.2009

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 24.06.2009

Efni: Tillögur til þingsályktunar á 137. löggjafarþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (38. mál) og um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu (54. mál).

Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda fjallaði um ofangreindar tillögur á fundi sínum þann 23. júní síðastliðinn. Landssamtök sauðfjárbænda eru andsnúin aðild Íslands að Evrópusambandinu og leggja til að Alþingi samþykki hvoruga ofangreindra tillagna.

Aðalfundur samtakanna í apríl síðastliðnum samþykkti jafnframt ályktun þar sem lýst er eindreginni andstöðu við aðild Íslands að ESB og aðildarviðræðum við sambandið er hafnað.

Efnislega lýsa samtökin yfir stuðningi við umsögn Bændasamtaka Íslands um tillögurnar sem send hefur verið utanríkismálanefnd og taka undir þau atriði sem þar koma fram í greinargerð.

Virðingarfyllt  
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda

Sigurður Eypórsson  
framkvæmdastjóri